

gerðarbeiðanda. Verður ekki hjá því komizt að framkvæma úrskurð þann, sem fyrir liggur, með útburðargerð á gerðarþola.

Framkomin málskostnaðarkrafa gerðarþola út af þessu atriði verður ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Úrskurði fógeta í máli þessu, uppkveðnum 13. desember 19162, skal framfylgt með útburði á gerðarþola samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaðarkrafa gerðarþola er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 13. marz 1963.

Nr. 123/1962. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl)

gegn

Oliufélaginu Skeljungi h/f f. h.

Deutsche Shell Aktiengesellschaft

og

Þrotabúi Ásfjalls h/f

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

D ó m e n d u r :

Hæstaréttardómararnir Lárus Jóhannesson, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Lindal.

Agreiningur um sjóveðrétt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1962. Krefst hann þess, að sjóveðréttur í uppboðsandvirði b/v Keilis, GK 3, til handa stefnda Oliufélaginu Skeljungi h/f f. h. Deutsche Shell Aktiengesellschaft verði aðeins dæmdur til tryggingar kr. 110.000.00 ásamt kr. 4000.00 í innheimtulaun, en stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á hendur stefnda þrotabúi Ásfjalls h/f hefur áfrýjandi ekki borið fram neinar kröfur.

Stefndi Oliufélagið Skeljungur h/f f. h. Deutsche Shell Aktiengesellschaft krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu stefnda þrotabús Ásfjalls h/f eru gerðar þær dómkröfur, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða stefnda Oliufélaginu Skeljungi h/f f. h. Deutsche Shell Aktiengesellschaft málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda Oliufélaginu Skeljungi h/f f. h. Deutsche Shell Aktiengesellschaft málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Oliufélaginu Skeljungi h/f f. h. Deutsche Shell Aktiengesellschaft, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. júní 1962.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Oliufélagið Skeljungur h/f, hér í borg, höfðað fyrir hönd Deutsche Shell Aktiengesellschaft, Hamborg í Þýzkalandi, með stefnu, útgefinni 7. apríl 1961, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Ásfjalli h/f, Hafnarfirði, og gert þær dómkröfur, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Keili, GK 3, til tryggingar kröfu í þýzkum mörkum að fjárhæð D.M. 37.581.03 með 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins. Þá hefur stefnandi enn fremur krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða framangreindar fjárhæðir af uppboðsandvirði skipsins.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum á þann veg: „að stefndu þoli dóm þess efnis, að stefnanda verði viðurkenndur sjóveðréttur í uppboðsandvirði b/v Keilis, GK 3, fyrir og til tryggingar D.M. 37.581.03 eða annarri lægri fjárhæð að mati dómsins með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags og hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins“.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur aðallega krafizt þess, að sjóveðréttur verði ekki viðurkenndur fyrir kröfum stefnanda og honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi, en til vara hefur hann krafizt, að sjóveðréttur verði aðeins viðurkenndur fyrir þeim hluta kröfunnar, sem til er stofnað til tveggja heimferða Keilis frá Bremerhaven til Hafnarfjarðar, en ekki að því leyti, sem um hafi verið að ræða oliúttekt skipsins til næstu veiðiferða á eftir. Samfara varakröfu sinni krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi, Ásfjall h/f, hefur krafizt þess, að uppboðskaupandinum, ríkissjóði, verði gert að greiða stefnanda dómkröfuna ásamt vöxtum og kostnaði.

Birni Sveinbjörnssyni, bæjarfógeta í Hafnarfirði, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur honum og hann hefur heldur ekki haft uppi kröfur.

Málavextir eru þessir:

Dagana 14.—17. nóvember 1960 tók botnvörpungurinn Keilir, GK 3, þá eign stefnda Ásfjalls h/f, Hafnarfirði út brennslu- og smurolíur hjá Deutsche Shell A/G, Bremerhaven í Þýskalandi, fyrir samtals D.M. 20.266.05. Skipið hélt síðan heim til Íslands til veiða á miðum hér við land. Að veiðum loknum sigldi skipið aftur með aflann til Bremerhaven og seldi hann þar. Tók skipið þá, dagana 20.—21. desember s. á., einnig út brennslu- og smurolíur hjá Deutsche Shell A/G fyrir samtals D.M. 17.314.98 og hélt síðan heim til Íslands. Samtals mynda þessar fjárhæðir stefnukröfuna.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá Johann F. Jungschaffer, Bremerhaven, dagsett 25. marz 1962. Í vottorði þessu kveðst hann hafa verið umboðsmaður og skipamiðlari stefnda Ásfjalls h/f og hafi annazt nauðsynleg viðskipti og skipsútbúnað fyrir félagið í Bremerhaven. Meðal annars gert framangreindar oliupantanir hjá Þýzka Shell-félaginu í Hamborg, eftir umboði skipstjórans í nafni og fyrir reikning togarans Keilis á vegum Ásfjalls h/f.

Þar sem Ásfjall h/f greiddi eigi úttektir þessar, ritaði lögmaður stefnanda félaginu innheimubréf 20. febrúar 1961 og krafðist þess, að skuldin yrði greidd ásamt innheimtulaunum eða að samið yrði um greiðsluna fyrir 24. s. m.

Skuldari sinnti eigi greiðsluáskorun þessari og var kröfunni því lýst fyrir uppboðsdómi Hafnarfjarðar með bréfi, dags. 27. s.

m. Hinn 1. marz fór fram uppboð á skipinu. Umboðsmaður fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs bauð þá kr. 1.500.000.00 í skipið og varð þar með hæstbjóðandi.

Hinn 24. marz lagði uppboðshaldari fram frumvarp að úthlutunargerð í uppboðsdóminum. Í frumvarpi þessu var aðeins viðurkenndur sjóveðréttur fyrir ísl. kr. 110.000.00 af hinni lýstu kröfu, ásamt kr. 4.000.00 í innheimtulaun. Í þinghaldi þessu hreyfði umboðsmaður ríkissjóðs engum andmælum gegn frumvarpinu, að því er þennan lið varðaði, en umboðsmaður stefnanda óskaði þá eftir fresti til 27. s. m. til þess að taka afstöðu til frumvarpsins. Í uppboðsdómi þann dag mótmælti hann margnefndu frumvarpi og krafðist þess, að viðurkenndur yrði sjóveðréttur fyrir allri kröfunni, auk vaxta og málskostnaðar að skaðlausu, og fjárhæðir þessar yrðu greiddar af uppboðsandvirði skipsins.

Umboðsmaður ríkissjóðs mótmælti hins vegar kröfunni og krafðist þess, að sjóveðréttur yrði aðeins viðurkenndur fyrir þeirri lágmarksupphæð, er nægja myndi fyrir eldsneyti til tveggja heimferða Keilis, GK 3, frá Þýzkalandi.

Uppboðshaldari ákvað þá með tilvísun til 200. gr. laga nr. 85/1936 að vísa máli þessu til meðferðar fyrir sjóðómi, og komu umboðsmenn aðilja sér saman um að reka málið fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur. Jafnframt lýsti umboðsmaður ríkissjóðs því yfir, að ríkissjóður myndi greiða kröfuna samkvæmt dómi.

Stefnandi byggir stefnukröfu sína á því, að hér hafi verið um að ræða nauðsynjar, er skipstjóri tók út vegna stöðu sinnar, og fylgi kröfu þessari því sjóveðréttur samkvæmt 4. tölulið 236. gr. nr. 56/1914, þar sem skipið hefði ekki komið til hafnar á Íslandi eða á fiskimið við Ísland og af þeim aftur, án þessara úttekta, enda telur stefnandi, að lög nr. 30/1936 haggi eigi sjóveðréttinum fyrir kröfum þessum, þar sem hér hafi verið um úttektir í erlendri höfn að ræða, en af orðalagi 2. og 4. gr. nefndra laga sé ljóst, að þær takmarkanir á sjóveðrétti, er greinar þessar fela í sér, eigi aðeins við úttektir á þar til greindum vörum, sem til er stofnað hér á landi.

Að endingu bendir stefnandi á, að umboðsmaður ríkissjóðs hafi í uppboðsdómi Hafnarfjarðar 27. marz 1961 viðurkennt, að sjóveðréttur fylgdi nokkrum hluta þeirra kröfu, sem hér er um fjallað, og séu því alger mótmæli hans gegn því nú á þessu stigi málsins of seint fram komin og að engu hafandi.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs reisir sýknukröfu

sína á því, að það sé ósannað í málinu, að skipstjóri Keilis hafi stofnað til framangreindra olíuúttekta, en slíkt sé nauðsynlegt til þess að krafa þessi njóti sjóveðréttar í skipinu, sbr. 1. málslíð 4. töluliðs 236. gr. laga nr. 56/1914.

Varakröfu sína styður þessi stefndi þeim rökum, að samkvæmt orðalagi 53. gr. laga nr. 56/1914 takmarkist stöðuumboð skipstjóra við þá löggæringa, er snerta framhald ferðar hans. Þegar um sé að ræða botnvörpung, er sigli með afla sinn á erlendan markað, verði ferð í skilningi nefnds lagaákvæðis að teljast hafin um leið og skipið leggur úr höfn og henni lokið, er skipið komi aftur til heimahafnar úr söluferð. Af þessu sé ljóst, að jafnvel þótt talið verði sannað, að skipstjórinn hafi samið um nefndar úttektir og sjóveðréttur hafi þar með stofnast, þá geti sá réttur ekki náð lengra en til þeirrar olíuúttektar, sem nauðsynleg hafi verið til tveggja heimsiglinga skipsins, en alls ekki til olíunotkunar skipsins við veiðar eftir heimkomu þess.

Þá tekur þessi stefndi fram, að því er varðar þá bókun, er gerð var eftir umboðsmanni ríkissjóðs í uppboðsrétti Hafnarfjarðar, um að ríkissjóður muni greiða kröfu þessa samkvæmt dómi, þá sé hér að sjálfsögðu einungis átt við, að svo miklu leyti sem uppboðsandvirði Keilis hrökkvi til greiðslu sjóveðkrafna.

Að endingu hefur þessi stefndi mótmælt framangreindu vottorði frá Johann F. Jungschaffer sem röngu og þýðingarlausu.

Stefndi Ásfjall h/f rökstyður kröfu sína með því, að skipstjórinn hafi tekið út olíuna í erlendri höfn samkvæmt stöðuumboði sínu og kröfunni fylgi því sjóveðréttur í skipinu, sem uppboðskaupanda beri að greiða án tillits til þess, hvort uppboðsandvirðið hrekkur fyrir henni eður ei, þar eð umboðsmaður ríkissjóðs hafi samþykkt það í uppboðsréttinum, ef krafan yrði talin rétt. Þá telur þessi stefndi, að hér sé um olíuúttekt að ræða, sem ekki geti miðast við siglingu skipsins til heimahafnar, þar eð skipið hafi þá verið í fullum rekstri og farið beint á veiðar frá hinni erlendu höfn og ekki komið til hafnar fyrir en í næstu söluferð, þá einnig í hinni sömu erlendu höfn.

Með framangreindu vottorði frá Johann F. Jungschaffer verður að telja sannað, að margnefndar olíuúttektir hafi verið gerðar samkvæmt stöðuumboði skipstjórans á b/v Keili, sbr. 53. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Við úttektir þessar stofnaðist því sjóveðréttur í skipinu samkvæmt 1. málslíð 4. töluliðs 236. gr. siglingalaganna, enda á 2. gr. laga nr. 30/1936 eigi við, þegar skipstjórinn stofnar til úttektar í erlendri höfn. Við sölu b/v Keilis á fyrrnefndu upp-

boði 1. marz 1961 fluttist sjóveðréttur stefnanda yfir á uppboðsandvirði skipsins, sbr. 1. mgr. 239. gr. siglingalaganna. Ber því að viðurkenna sjóveðrétt hans í uppboðsandvirði b/v Keilis til tryggingar greiðslu á þýzkum mörkum að fjárhæð 37.581.03, auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1961 til greiðsludags, enda verður ekki fallt á það með stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, að stefnandi eigi aðeins sjóveðrétt fyrir þeirri olíuúttekt, er nægt hefði skipinu til tveggja heimsiglinga, eins og ferðum skipsins var háttað í umrætt skipti.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Ásfjalls h/f, in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Viðurkenndur er sjóveðréttur stefnanda, Olíufélagsins Skeljungs h/f f. h. Deutsche Shell Aktiengesellschaft, í uppboðsandvirði b/v Keilis, GK 3, til tryggingar greiðslu á þýzkum mörkum að fjárhæð 37.581.03 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags.

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Ásfjall h/f, greiði stefnanda in solidum kr. 25.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.